

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015,
vegna spildu úr landi Ragnheiðarstaða, Flóahreppi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 13. nóvember 2014 breytingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015, sem samþykkt var í sveitarstjórn Flóahrepps þann 3. september 2014.

Breytingin felst í því að frístundasvæðin F9 og F10 verða minnkuð um 19 ha, úr 58 í 39. Landnotkun á hekturunum 19 verður breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 13. nóvember 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.